Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 30.09. 2022. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Aníta Ómarsdóttir, Sara Pálmadóttir (fjarverandi), Geirþrúður Þórðardóttir (fjarverandi), Jenný Ósk Óskarsdóttir, Dröfn Sigurðardóttir, Agnes Jónsdóttir og Agnes Fjeldsted (fjarverandi)

Dagskrá:

1. **Starfsáætlun skólaráðs**
   Farið var yfir starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2022-23. Breyting hefur orðið hjá fulltrúum kennara en Aníta Ómarsdóttir kemur inn í stað Jennýjar Óskar Óskarsdóttur. Jenný Ósk kemur aftur móti aftur inn í skólaráð sem fulltrúi foreldra í stað Örnu Hjartardóttur. Nýir fulltrúar nemenda eru Agnes Jónsdóttir og Agnes Fjeldsted. Ákveðið var að finna tíma fyrir fund skólaráðs og nemendaráðs á næsta skólaráðsfundi.

   Skólaráð er því skipað á eftirfarandi máta: Lars Jóhann Imsland skólastjóri, Guðbjörg Norðfjörð aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara er Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir og Aníta Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna er Geirþrúður Þórðardóttir, fulltrúi foreldra eru Dröfn Sigurðardóttir og Jenný Ósk Óskarsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags er Sara Pálmadóttir, fulltrúar nemenda eru Agnes Jónsdóttir og Agnes Fjeldsted Sigurðardóttir.

2. **Áherslur á skólaárinu**
   Skólastjóri fór yfir áherslur á skólaárinu sem meðal annars snúa að breyttu kennsluskipulagi í unglingadeild, fjölgun ÍSAT nemenda, færslu Fjölgreinardeildar frá Menntasetrinu við lækinn á Fléttuvelli, ERASMUS+ verkefnum, heilsueflandi grunnskóla, vaxtarhugarfari, starfsgleði o.fl.

   Skólastjóri fór yfir stefnu skólans og kennslufræðilegar áherslur í daglegu skólastarfi sem í mjög einföldu máli snúast um nemendamiðun. Hugmyndin um nemendamiðað skólastarf vísar til þess að nemendur hafi áhrif á nám sitt og námsumhverfi. Samofið hugmyndinni er þörfin fyrir fjölbreytt námsframboð og kennsluhætti til að tryggja að allir nemendur hafi kost á námi við sitt hæfi. Jafnframt er sterk áhersla á mikilvægi samvinnu og lýðræðislegra vinnubragða.

3. **Foreldrasamstarf**
   Rætt var um foreldrastarf og bekkjartenglafund sem haldinn verður 11. október. Skólaráð var einhuga um að mikilvægt væri að hlúa sérstaklega að foreldrastarfi í vetur og því mikilvægt að það væri á dagskrá á öllum fundum skólaráðs í vetur.

4. **Önnur mál**
   - Fulltrúi kennara benti á aðbúnaðarmál í list- og verkgreinaálmu.
   - Rætt var um fræðslu fyrir nemendur um vape og skaðsemi þess.
   - Rætt var þann auð sem finna má í fjölmenningu innan skólans og hvernig mætti hampa henni betur.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland